

**heim-sækja** *so. vb.-ór.*  
[-sótti, -sóttum, -sótt]

– hún heimsækir ömmu sína

‡ heimsækja • heima; sækja, sókn, heimsókn, rannsókn

**skil-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– ég skila bókinni á bókasafnið

‡ • skil, skilja

**merk-ja** *so. vb.-i – heyra*  
[-ti]

– merkið við rétt svör

‡ • merkur, merkilegur, merki, merking; marka, mark markmið; markaður

**ferð-ast** *so. vb.-a – kalla*  
[-aðist]

– þau ferðast til útlanda á hverju sumri

‡ ferðask • ferð, fara, ferðalag

**lóf-i** *kk. – tími*  
[-a, -ar]

– spákonan les í lófa

‡

**rót** *kvk. – bók*  
[-ar, rætur]

– tréð nær ekki að festa rætur

‡

**samstarf** *hk. – hús Ö*  
[-s]

– það er gott samstarf á milli háskólanna

‡ • saman, starf, starfa

**útsýni** *hk. – hús*  
[-s, -]

– héðan er gott útsýni

‡ • út, sýn, sýna; sjón, sjónvarp

**venj-a** *kvk. – stofa*  
[-u, -ur]

– það er venja að við hittumst á föstudögum

‡ • venja (so), (ó)venjulegur; vanur, vandi

**vitni** *hk. – hús*  
[-s, -]

– hann var vitni í málinu

‡ • auðvitað, forvitinn, vit, vita, vitlaus, vitneskja, vitna, vitund

**vonbrigði** *hk. ft. – hús*

– ég varð fyrir vonbrigðum með sýninguna

‡ • bregða « von

‡ • þing

**Alþingi** *hk. et. – hús*  
[-s]

– lögin voru samþykkt á Alþingi

**áberandi** *lo. ób.*

– börnin verða að vera áberandi í myrkri

‡ • á, bera

**kær** *lo. – gular R*  
[-, -t; -ari, -astur]

– kær kveðja

‡ kærr

**dagleg-ur** *lo. – gular*  
[-, -t]

– þú ert orðinn daglegur gestur hér

‡ dagligr • dagur, daglega, hversdagslegur

**stétt** *kvk. – mynd*  
[-ar, -ir]

– stéttin er blaut eftir rigninguna

• gangstétt